

# **YTRI NEYÐARÁÆLTUN**

**VEGNA KRÝÓLÍT- PRÓPAN- ÁLGJALL- KERBORT- OG  
DÍSELOLÍUBIRGÐA**

**ENDURSKOÐUÐ OG UPPFÆRÐ AF**

**ALCOA FJARÐAÁLI**

## Inngangur

Skýrsla um ytri neyðaráætlun Alcoa Fjarðaáls er unnin í samræmi við V kafla reglugerðar nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Í tilfalli Alcoa Fjarðaáls fer magn tveggja efna yfir þau mörk sem sett eru reglugerðinni þ.e. raflausn og díselolía. Einnig var bætt við umfjöllun um 3 mengandi efni þar sem magn þeirra er annað hvort rétt innan marka sem sett eru í lögum og reglugerðum eða þá að það væri að mat Alcoa Fjarðaáls að þau geti skapað hættu fyrir starfsfólk og rekstur álversins. Þau efni sem hér um ræðir eru própangas, álgjall og kerbrot

Þessi áætlun er um aðgerðir ef stórslys verður á athafnarsvæði fyrirtækisins og ógnar utanaðkomandi aðilum og nágrönnum. Hún tekur til samræminga á ytri og innri aðgerðum vegna mögulegra stórslysa. Viðbragðsáætlun þessi gerir grein fyrir ábyrgð og fyrirkomulagi almannavarna og samræmingu að gerð innri og ytir viðbragðsaðila.

## Rekstraraðili

Alcoa Fjarðaál

Hrauni 1

730 Fjarðabyggð

Sími: 470 7700


Netfang: [fjarmaal@alcoa.com](mailto:fjarmaal@alcoa.com)

## Aðgerðastjóri almannavarna

Álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er innan umdæmis Lögreglustjórans á Austurlandi með aðsetur á Eskifirði. Hann fer með stjórn aðgerða þegar um almannavarnaástand er að ræða skv. 11. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

## Tilkynningar

Komi upp atvik sem leitt geta til stórslyss og/eða bráðamengunar innan álvers Alcoa Fjarðaáls skal öryggisgæsla álversins tilkynna atvik án tafar til Neyðarlínunnar (112). Að því loknu skal öryggisgæsla tilkynna atvik til innri viðbragðsaðila í samræmi við innri viðbragðsáætlun Alcoa Fjarðaáls, sjá nánar í öryggisskýrslu Alcoa Fjarðaáls og á flæðiriti 1.



Flæðirit 1. Flæðiritið vinstra megin sýnir viðbragðsáætlun Alcoa Fjarðaáls í neyðartilfellum og það hægra megin er skipurit og útkallslisti Alcoa Fjarðaáls í neyðartilfellum.

## Samræming

Framkvæmdastjórn Alcoa Fjarðaáls ber ábyrgð á öryggis-, heilsu- og umhverfismálum fyrirtækisins og er eftirfylgni og stuðningur UHÖ mála á hendi UHÖ-teymis. Í neyðartilfellum er framkvæmdastjórn ábyrg fyrir viðbrögðum og öryggi fólks innan svæðisins í samræmi við innri neyðaráætlun Alcoa Fjarðaáls. Fyrstu viðbrögð þess sem verða varir við neyðartilvik er að tilkynna þau til Neyðarlínu í síma 112, sem sér um að koma boðum rétta leið. Viðbragðsaðilar sem komið geta að viðbrögðum innan starfssvæðis Alcoa Fjarðaáls og þurfa að vera í beinum samskiptum við eru

- Slökkvilið
- Sjúkraflutningamenn og hjúkrunarfólk
- Lögregla
- Sérþjálfaðir starfsmenn Alcoa Fjarðaáls

Í almannavarnaástandi er stjórnstöð almannavarna virkjuð og er hún með aðsetur á slökkvistöð Fjarðabyggðar við Mjóeyrarhöfn. Þar kemur aðgerðarstjórn saman og vinnu samkvæmt skipulagi almannavarna. Vettvangsstjóri, tilnefndur af lögreglustjóra, fer með stjórn á vettvangi og aðgerðarstjórn er honum til aðstoðar og ráðgjafar. Framkvæmdastjórn Alcoa Fjarðaáls skal vera vettvangsstjóra og aðgerðarstjórn til aðstoðar og ráðgjafar.

## Varnir starfsstöðvar

Komi upp neyðarástand innan álvers Alcoa Fjarðaáls fer skipulag ytri viðbragða eftir verkþáttaskipulagi almannavarna (SÁBF) um skipulag, uppsetningu og framkvæmd aðgerða á vettvangi. Lögreglustjórinn á Austurlandi er aðgerðastjóri almannavarna í umdæminu og ber ábyrgð á viðbrögðum almannavarna. Verkþáttaskipulag almannavarna (SÁBF) tekur á ytri viðbrögðum hvort sem umfang atvika eru minni- eða meiriháttar.

Slökkvilið Fjarðabyggðar sér um slökkvistörf og sjúkraflutninga á starfsvæði álversins. Slökkviliðsstjóri ásamt aðgerðastjóra og framkvæmdarstjóra öryggismála Alcoa sjá um fyrstu greiningu aðstæðna á vettvangi og umfang neyðarviðbragða.

## Varnir umhverfis

Við gerð ytri neyðaráætlunar var haft samráð við lögreglustjóra Austurlands. Það var mat lögreglustjórans að ekki væri þörf á að vinna séráætlun vegna viðbragða við bráðamengun vegna starfsemi Alcoa Fjarðaáls. Var það í samræmi við samstarf almannavarna, lögreglu og Alcoa Fjarðaáls á öðrum sviðum neyðarvarna. Ástæða þess er sú að ef unnar yrðu séráætlanir vegna allra neyðartilfella sem upp kynnu að koma innan álverslóðarinnar yki það flækjustig, drægi úr skilvirkni og lengdi viðbragðstíma neyðarþjónustu. Komi upp neyðarástand verður aðgerðum almannavarna stjórnað í samræmi við verkþáttaskipurit almannavarna (SÁBF). Tiltækir viðbragðsaðilar sem að aðgerðum geta komið eru:

- Lögregla
- Slökkvilið
- Sjúkraflutningamenn
- Heilbrigðisstarfsfólk
- Landhelgisgæsla
- Björgunarsveitir
- Rauðakrossdeildir
- Hafnarstjóri
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðisfulltrúi

Komi upp bráðamengunarhætta innan álvers Alcoa Fjarðaáls sem valdið getur hættu utan álverslóðarinnar ber framkvæmdastjóri umhverfis- og öryggismála Alcoa Fjarðaáls ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf til aðgerðarstjóra við aðgerðastjóra almannavarna. Hann er aðgerðarstjórn til ráðgjafar, upplýsingagjafar og aðstoðar. Framkvæmdastjóri öryggismála Alcoa Fjarðaáls stjórnar aðgerum sinna starfsmanna innan starfsstöðvarinnar.

## Upplýsingadreifing

Framkvæmdastjóri öryggismála hjá Alcoa Fjarðaáls stjórnar aðgerðum innan starfssvæðis Alcoa Fjarðaáls og er ábyrgur fyrir því að aðgerðastjóri almannavarna hafi ávallt nýjustu upplýsingar um framvindu atburða innan álverslóðarinnar. Strax á frumstigum þegar frumgreining á aðstæðum fer fram skal framkvæmdastjóri öryggismála Alcoa Fjarðaáls gera aðgerðastjóra almannavarna og slökkviliðsstjóra Fjarðabyggðar grein fyrir hvaða efni er um að ræða er veldur bráðamenguninni og afhenda þeim upplýsingar um eiginleika efnanna og þær hættur sem þau geta valdið viðbragðsaðilum og almenningi. Þær upplýsingar er að finna í öryggisskýrslu Alcoa Fjarðaáls og á öryggisblöðum viðkomandi efna. Öryggisskýrsla fyrirtækisins er aðgengileg í innra gagnagrunni fyrirtækisins og á heimasíðu Vinnueftirlitisins ([www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is))

Ekki er talin þörf á að útbúa sérstök upplýsingarit til dreifingar til almennings vegna þeirra bráðamengunartilfella sem upp geta komið og öryggisskýrsla fjallar um. Ástæða þess er fjarlægð álversins frá svæðum með fasta búsetu (þéttbýli í Reyðarfirði). Upplýsingar um skaðleika efna liggja fyrir hjá Alcoa Fjarðaáli og eru viðbragðsaðilum aðgengilegar í öryggisskýrslu.

Aðgerðastjóri almannavarna er alfarið ábyrgur fyrir upplýsingagjöf til almennings í samræmi við SÁBF verkþáttaskipurit almannavarna. Framkvæmdarstjóri öryggis- og umhverfismála hjá Alcoa Fjarðaáli er ábyrgur fyrir að koma réttum upplýsingum til aðgerðastjóra almannavarna.